

Af spjöldum sögunnar

Bókmenntir

Erlendur Jónsson.

Jón R. Hjálmarsson:
Af spjöldum sögunnar I. 203 bls.
Suðurlandsútg. Selfossi, 1982.

Fáeinir sagnfræðingar hafa hlotið Nóbelsverðlaun í bókmenntum — ekki fyrir rannsóknir, heldur fyrir ritstörf. Þegar sagnfræðingur hefur lokið rannsóknunum og sest við skriftir gerist hann rithöfundur. Raunar er sagnfræði og söguritun svo ná tengd, aldirnar í gegnum, að við gerum sjaldnast mun þar á í daglegu tali.

Minum á að ýmsir rithöfundar hafa tekið sér fyrir hendur að skrifa þætti úr manngynnsögunni — án þess þeir væru sagnfræðingar.

Jón R. Hjálmarsson gerir sér far um að ná til allra með söguþáttum sínum. Þeir eru skemmtilegir, vel stílaðir og læsilegir, nafnafjöldi mjög stillt í hóf, lesandinn ekki truflaður með ártalarunum, en hvorugu þó gleymt, nöfnum né helstu ártölum þar sem nauðsyn krefur.

Minnst ég þess frá skólátíð minni að margir söknunum einmitt bókar eins og þeirrar, sem Jón R. Hjálmarsson hefur nú sent frá sér, bókar sem væri svo skemmtileg að maður gæti lesið hana sér til gamans en um leið fest í minni þau atriði sem aðeins stuttlega var sagt frá í kennslubókum þó þau teldust síðan til aðalatriða þegar að prófi kom.

Í þessu fyrsta bindi eru sextán þættir frá steinöld og fornöld. Sumir hafa birst áður, aðrir ekki. Fyrsta þáttinn nefnir höfundur Í áróðra sögunnar. Þar lýsir hann því hvernig sagnfræðin skarast við jarðfræðina, hvernig steingervingar, bein og áhöld gefa til kynna upphaf og þróun mannsins frá öröfi alda þar til tekið var að skrá söguna — sem var nú raunar ekki fyrr en tvö til þrjú þúsund árum fyrir Krists burð í löndum

þeim þar sem menning var þá lengst á veg komin, sums staðar miklu síðar.

Um veldi Rómverja eigum við mikla sögu og — merkilega að öðru leyti en því að hún er nánast öll skráð af þeim sjálfum. Alls staðar sigrudu þeir meðan veldi þeirra var mest, með einni undantekningu þó. Þegar þeir hugðust kúga Germani til hlýðni biðu þeir svo eftirminnilegan ósigur að þeir gáfust brátt upp við að brjóta þá

spænsku. En þetta fór nú ekki svo. »Orrustan í Teftóborgarskógi markar því þáttaskil sem einn hinna örlagaríkustu atburða í sögu Norðurlálfu.«

Og svo fór að lokum að Germanir lögðu undir sig sjálfa Róm. Áður en það gerðist var að visu mikið vatn runnið til sjávar og ótalin ár horfin í aldanna skaut. Rómaveldi grotnaði innan frá — vegna spillingar og óstjórnar.

Einræði rómversku keisaranna byrjaði með friði, reglu og glæsi-leika. Fáir söknudu lýðveldisins fyrst í stað. En valdið spillir. Og þriðji keisarin, Kaligúla, var bæði gerspilltur og vitskertur — en gat þó farið öllu sínu fram eins og hann lysti! Eitt sinn lét hann raða skipum yfir Napólíflóann og fór ríðandi yfir. Í þætti Jóns R. Hjálmarssonar af þessum furðufugli segir svo: »Sagt er að hann hafi fengið hugmynd að þessari furðulegu brúarsmið vegna spádóms á yngri árum hans. Þá var við hirð Tiberíusar keisara stjórnuspekingur, sem spáði því að Kaligúla yrði ekki fremur keisari en að hann færi ríðandi yfir Napólíflóann.«

Rómaveldi varð hið fyrsta sem kalla mátti heimsveldi. Og svo rækilega festi það sig í sessi að tunga þess og saga var til skamms tíma talin undirstaða allrar menntunar á Vesturlöndum, og að nokkru leyti um heim allan. En vitanlega byggði það á grunni frá öðrum. Grikkjum, Egyptum, Föníkum og fleirum. Hér er þáttur af Föníkum sem urðu um tíma stórveldi í verslun og iðnaði. Frá þeim þá menningin letrið, hvorki meira né minna. . . . Og fyrstir manna bjuggu þeir til gagnsætt gler.« Varla hefur það verið ómerkari uppfinning á sínum tíma en t.d. tölvan á tuttugustu öld.

Bók þessi er gefin út sem kilja og því sýnilega ætluð til lestrar fremur en sem hilluskraut. Og þar hygg ég útgefandi hafi hitt á réttu ráðina því hér er einmitt um að ræða lefni sem er ekki aðeins til fróðleiks heldur líka til ágættrar skemmtunar.

Erlendur Jónsson



Nemendaleikhúsið: Prestsfólkið. Frá vinstri: María Sigurðardóttir, Eyþór Árnason og Vilborg Halldórsdóttir.

tækifæri sem þeir nýttu vel að mínum dómi. Þessi sýning er sigur fyrir Nemendaleikhúsið, með því ánægjulegasta sem boðið hefur verið uppá hjá Leiklistarskólanum.

Framvinda leiksins er hæg í fyrstu, en hvergi dauður bleitur, allt er mikilvægt og unnið af kostgæfni. Allir stóðu leikararnir sig með prýði. Vilborg Halldórsdóttir sýndi í hlutverki Maiju að hún er leikkona sem mikils má af vænta. María Sigurðardóttir lék prestsfrúna af reisin og tókst að koma til skila örvæntingu hennar og varnarleysi. Kristján Franklín Magnússon var glæsilegur fulltrúi hins unga umbótamanns. Sigurjóna Sverrisdóttir gerði hina bældu Hönnu eftirminnilega. Eyþór Árnason gæddi hlutverk Teuvo Rastas mannlegri hlýju. Þjónustúlkuna lék Edda Heiðrún Backman með þeim hætti að hlutur hennar í þessu sigilda mannlífsmynstri var stór. Helgi Björnsson túlkaði vandasamt hlutverk prestsins á mjög geðfældan hátt, en geldur að vissu marki æsku sinnar. Vissulega komust hinir ungu leikarar ekki hjá ýmsum hnökrum sem mæta byrj-

endum á leiksvíði, en þeir voru ekki margir.

Þakka ber Ritvu Siikala fyrir þátt hennar í þessari skemmtilegu sýningu sem vonandi á eftir að vekja áhuga. Hún á það skilið. Leikmynd Pekka Ojamaa gerði andrúmsloftið finnskt, hvergi var reynt að leyna því hvar leikritið gerðist og um hvaða tíma það fjallaði. Lýsing David Walters var sömu-leiðis trúverðug. Þýðing Úlfs Hjörvar hljómaði vel.

Minna Canth hefur greinilega verið á undan samtíð sinni. Erfiðar aðstæður komu ekki í veg fyrir að hún gæti sinnt leikritagerð sem hefur vísað veginn, einkum hvað varðar umræðu um hlut kvenna í samfélaginu, leið þeirra til að öðlast jafnrétti á við karla. Þótt undarlegt sé er boðskapur verksins ekki úr gildi fallinn á okkar tímum, en styrkleiki þess er ekki síst listræns eðlis. Ekki verður fullyrt um hve Ritva Siikala á stóran þátt í því hve verkið nýtur sín vel á sviði. En áreiðanlega er líf þess komið undir leikgerð hennar og öruggri stjórn.

Jóhann Hjálmarsson



Jón R. Hjálmarsson

undir sig. Frá því segir í þættinum Orrustan í Teftóborgarskógi. Germanönsk tunga var þá töluð bæði í Gallíu (Frakklandi) og Germaníu (Þýskalandi). Frakkland brutu Rómverjar undir sig með svo mikilli hörku og — árangri ef manni leyfist að komast svo að orði um slíkan verknad — að það varð er stundir liðu rómanskast allra landa, eins og höfundur tekur réttilega fram. Hefðu þeir einnig brotið undir sig Germaníu hefði naumast orðið nokkur fyrirstaða að halda alla leið norður á Jótlandsskaga, eða jafnvel lengra. Þá hefði getað farið svo að við töluðum ekki okkar kærú íslensku hér heldur einhvers konar frönsku eða

því sviði ef hann legði verulega stund á þetta listform. Hann er lipur vatnslitamálarí og akrylmálverk hans í heimsóknartímanum fannst mér þá hans besta verk. Helgi Vilberg sýnir þarna myndröð, gerða í olíulitum, og fannst mér einna bestur árangur hjá honum af þeim félögum. Hann hefur næma litatilfinningu og útfærir hana á léttan og skemmtilegan hátt. Myndir hans eru nafnlausar og því erfitt að gera þeim skil á prenti. Samt fannst mér þær svo jafnar að gæðum að ég fer ekki nánar út í þá sálma. Þarna held ég, að sé á ferð listamaður, sem vel er þess verður að taka eftir. Kristinn G. Jóhannsson sýnir krítarmyndir, olíumálverk og dúkrstur. Af þessum verkum eru forvitnilegar dúkrsturnar, sem hann byggir á vefnaði úr Svarfadaardal, og einnig yrkir hann um þrjúmynd myndstúr. Ég held, að á þessu sviði nái hæfileikar Kristins best að njóta sín, en hann virðist nokkuð rómantískur í sumum öðrum verka sinna, enda heitir myndröð hans í þessari sýningu Rómantík, I, II, III og þannig áfram.

Eins og ég sagði áðan, er þessi sýning nokkuð ósamstæð, og heldur ekki við öðru að búast. Það má vel vera, að það sé einmitt kostur við þessa sýningu, að það komi fram í dagsins ljós, að myndlistarmenn fyrir norðan séu ekki allir á sama máli og hjakki í sama fari. Það er einmitt fjölbreytnin sem gefur þessum hlutum líf og gerir það að verkum, að allt er í sköpun og engin kyrrstæða.

Valtýr Pétursson

Jónas í hvalnum?

Leiklist

Ólafur M. Jóhannesson

JÓNAS Í HVALNUM?

Nafn á frummálinu: „Opinber heimsókn“.

Sýnd í: Íslenska sjónvarpinu.

Framleiðandi: Ríkisútvarp/sjónvarp Íceland.

Leikstjórn: Hrafn Gunnlaugsson.

Upptökstjórn: Andrés Indriðason.

Þegar ég skrifaði um fyrsta þátt „Félagsheimilisins“ lauk ég orðum mínum á því að ég kviði fyrir næstu þáttum. Ég átti einfaldlega við að fyrsti þátturinn í þáttaröð sjónvarpsins úr félagsheimilinu var svo asskoti góður að erfitt er að koma með eitthvað betra. Ég bjóst reyndar við að þáttur númer tvö reyndist frambærilegur því þar sér Jónas Guðmundsson um textann en sá fjölhæfi maður hefir gert býsna áheyrilega útarvörpætti.

Ég ætla ekki að eyða dýrmætri prentsvertu í að sundurgreina þetta hugverk Jónasar Guðmundssonar og Hrafns Gunnlaugssonar sem þeir nefna „Opinber heimsókn“ og telst númer tvö í Félagsheimilissjúklingum sjónvarpsins. Það er skemmt frá því að segja að þegar þátturinn endaði hrökk ég með andfællum upp úr sjónvarpsstólum og hrópaði til heimilisfólksins „Sofnaði ég“. Ég hélt nefnilega

að ég hefði liðið útaf í stólum og fengið martröð. Svo reyndist þó ekki en heimilismenn tjáðu mér að hughrif þeirra hefðu orðið mjög á sömu lund.

Er annarst hægt að kasta skattpeningum í slíkt myndverk þar sem hvorki fæst botn í samtöl né atburðarás en leikararnir velta stjórnlausir um sviðið eins og nýslátraðir hanar? Við vitum að það er nóg af hæfileikaríku fólki á sviði leikstjórnar og ekki er rýr sú hefð sem við eigum á sviði bókmennta. Ég veit ekki hvort mönnum finnst það bera vott vandaðrar leikstjórnar að leiðrétta ekki mismæli leikara eða eyða fleiri metrum af filmu í leik með brauðhleif sem líkist reðri í lögum. Prentsvertunni verður hér ekki eytt í að greina fleiri afkárleg myndskild. Ég vil hins vegar víkja að öðru atriði sem ég held að geti skipt sköpum í kvikmyndagerð á Íslandi í framtíðinni.

Ef sjónvarpið fer út á þá braut að gera ódýrar, óvandaðar myndir er kvikmyndagerð á Íslandi stefnt í vöð. Við sjáum að íslensk kvikmyndagerð getur vart staðið á eigin fótum, kvikmyndahúsgestir eru einfaldlega of fáir hér. Vaxtarbroddurinn í íslenskrí kvikmyndagerð hlýtur þess vegna að verða innan sjónvarpsins. Ef sjónvarpið tekur upp þá stefnu að framleiða fáar



(4-5) en vandaðar leiknar kvikmyndir árlega, er þar með kominn grundvöllur fyrir útflutning á íslensku myndefni. Eins og við vitum öll þá er markaðurinn fyrir slíkt efni gifurlega víðfemur í kjölfar þeirrar fjar-skiptabyltingar sem nú ríður yfir. Ef okkur tekst að vinna íslensku myndefni sess á erlendum mörkuðum er ekki að efa að þeir verða álíka traustir og núverandi markaðir fyrir íslenskt lambakjöt og íslenskan fisk. Við þurfum ekki einu sinni að kaupa dýrt skip til að flytja þessa framleiðslu út, getum jafnvel sent hana beint á öldum ljósvakans yfir heimsbyggðina. Men

eru að tala um að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi og efla nýðnað, hér er eitt ónýtt tækifæri. Munum að maðurinn lifir ekki bara á lambakjöti og fiski. En svo ég skilji ekki alveg við hina „Opinberu heimsókn“ Jónasar og Hrafns í svartnættinu þá vil ég minnst á eitt kostulegt atriði. Hér er átt við þegar presturinn (Þorsteinn Hannesson) tók fram saumadótíð á hreppsnefndarfundinum. Það fór ekki svo að engin lítil perla skini í fjóshaugnum. Þær hefðu getað orðið fleiri með vandaðri úrvinnslu þeirrar laglegu grunnhugmyndaðar sem lá að baki textanum.